

# Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.

Aðalfundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðar föstudaginn 29. maí 2020, kl. 11:00.

## Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Tekin ákvörðun um hagnað eða tap félagsins.
6. Tekin ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Sigurlaug R. Sævarsdóttir fundarritari.

## Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykkt félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn þriggja hluthafa félagsins sem fara samtals 99% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru mættir á fundinn; Jakob B. Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, og Björg Ágústsdóttir. Einnig var mætt Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið er til dagskrár.

1. **Rekstur og hagur félagsins á liðnu starfsári**  
Jakob Björgvin Jakobsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu ári.

Það er sérstaklega ánægjulegt að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins á árinu, sem er í fyrsta sinn í stofnun félagsins.

2. **Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda**  
Ársreikningur félagsins vegna ársins 2019 lagður fram til staðfestingar.

Fundarstjóri lagði ársreikning 2019 undir atkvæði hluthafa. Samþykkt samhljóða.

3. **Kosning stjórnar**

Tillaga lögð fram um að stjórn félagsins skipi eftirfarandi aðilar:

- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Kristinn Jónasson
- Björg Ágústsdóttir

Varastjórn:

- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Björn Hilmarsson

- Jósef Ó. Kjartansson.

Samþykkt samhljóða.

**4. Kosning endurskoðanda**

Lagt til að Deloitte ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Samþykkt samhljóða.

**5. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða taps félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

**6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu**

Lagt er til að áfram verði engin þóknun greidd til stjórnarmanna vegna starfa sinna. Endurskoðendur fá greitt skv. reikningi.


Samþykkt samhljóða.

**7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**

Engin önnur mál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:24.



Jakob Björgvin Jakobsson  
Fundarstjóri



Sigurlaug R. Sævarsdóttir  
Fundarritari